

Sp.

104. Tillaga

til þingsályktunar um varalögreglu.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Jón Baldvinsson, Haraldur Guðmundsson,
Finnur Jónsson, Vilmundur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja þegar niður núverandi varalögreglu í Reykjavík og stofna hvergi til varalögreglu í kaupstöðum landsins.

G r e i n a r g e r ð .

Varalögregla sú, sem stofnuð var í nóvember 1932, mun nú hafa kostað ríkissjóð yfir 400 þús. kr. Hún var stofnuð án lagaheimildar og er nú þvert ofan í lög síðasta þings. Virðist því sjálfsagt að leggja hana niður tafarlaust, enda hefir hún ekkert gagn gert, en valdið mikilli tortryggni hjá alþýðu manna.

Í Reykjavík hefir nú fasta lögreglan verið aukin að miklum mun og ástæðulaust að hafa þar, né annarsstaðar, meira lögreglulið, en kostar allmikið fé og er varhugavert að ýmsu öðru leyti, enda virðist beinlínis vera til að vekja ófrið meðal manna. Virðist því sjálfsagt að fela stjórninni að láta ekki undan óskum sérstaks pólitíks flokks í bæjarstjórnnum um stofnun þessa varaliðs, sem síðan er hætt við, að skipað verði fylgismönnum þessa flokks.